

Eftirlit – Vanmerkt efnavara

Dagsetning	16. desember 2019
Fyrirtæki	Samkaup hf. - höfuðstöðvar
Heimilisfang	Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ
Kennitala	5712983769
Starfsemi	Heildsala, smásala
Tengiliður fyrirtækis	
Eftirlitsstaður	Nettó Granda
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Ragnar Már Sigurðsson
Tegund eftirlits	Eftirlit í kjölfar ábendingar
Fulltrúi Umhverfisstofnunar	Einar Oddsson, Ísak Sigurjón Bragason
Málsnúmer	UST201911-145

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun barst ábending um mýkingarefnini í versluninni Nettó Granda, Reykjavík þar sem bent var á að merkingar þeirra uppfylltu mögulega ekki tiltekin skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni. Innlendur birgir vörunnar er Samkaup hf.

Skoðun á vörunum sem um ræðir leiddi í ljós frávik frá tungumálakröfum á umbúðum hvað varðar reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni. Vörurnar heyra ekki undir hættuflokkum samkvæmt reglugerð nr. 415/2014.

Umhverfisstofnun hefur farið fram á að Samkaup hf. sendi stofnuninni eftirfarandi varðandi vörurnar:

Afrit af merkimiðum þannig að vörurnar standast tungumálakröfur reglugerðar nr. 300/2014 í samræmi við skilyrði reglugerðar (EB) nr. 648/2004. Farið er fram á að vörumeritum og innihaldsupplýsingum verði bætt við á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku í samræmi við reglugerðina.

Úrbætur sendist Umhverfisstofnun eigi síðar en 17. mars nk.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun barst ábending að vörurnar *Lenor Mystery/Kiss/Charm Parfum Deluxe Weichspüler*, stæðust ekki skilyrði laga og reglugerða varðandi merkingar. Ábendingunni var fylgt eftir með eftirlitsferð í verslunina þann 16. desember til að skoða vörurnar frekar í samræmi við eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar með efnavörum sem markaðssettar eru hér á landi og falla undir lög nr. 61/2013 sbr.

13. tölul. 5. gr. og XI. kafla laganna. Fyrirtækið Samkaup hf. er ábyrgt fyrir markaðsetningu varanna hér á landi.

Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af skilyrðum sem gerðar eru til merkinga þvotta- og hreinsiefna skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 með sama nafni.

KRÖFUR UM MERKINGAR FYRIR ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Falli tiltekið efni eða efnablanda undir gildissvið reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni gilda ákvæði CLP um merkingar hættulegra efna og efnablandna sem fyrr en eftirfarandi merkingarskilyrði þurfa að koma fram varðandi þvotta- og hreinsiefni sem seld eru almenningi:

- Vöruheiti
- Fullt heimilisfang og símanúmer ábyrgðaraðila markaðssetningar vöru.
- Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:
 - < 5%
 - ≥ 5% - < 15%
 - ≥ 15% - < 30%
 - ≥ 30%
- Tilgreina skal innihaldsefni úr eftirfarandi flokkum þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2%:
 - ensím
 - sótthreinsiefni
 - ljósvirk bleikiefni
 - ilmefni
 - rotvarnarefni
- Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.
- Gefa skal upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.
- Veita skal leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.

Jafnframt gilda ákveðnar kröfur varðandi skammtastærðir tauþvottaeftirfarandi en þess konar vörur féllu ekki undir umfang þessa eftirlits og verða þær því ekki raktar hér.

Eftirtaldar vörur féllu undir umfang eftirlitsins:

Vara	Stríkamerki
<i>Lenor Mystery Parfum Deluxe Weichspüler</i>	8 001090 924384
<i>Lenor Kiss Parfum Deluxe Weichspüler</i>	8 001209 924414
<i>Lenor Charm Parfum Deluxe Weichspüler</i>	8 001090 924353

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Um er að ræða þrjár gerðir af mykingarefní í 900 ml plastflöskum. Vörurnar eru að miklu leyti sambærilegar en þó með einhverjum breytileika hvað varðar innihaldsefni.

Frávik

Merkingar varanna eru eingöngu á þýsku en virðast að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði reglugerðar 648/2004 um þvotta og hreinsiefni. Eftifarandi merkingaratriðum þarf að bæta við á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku samkvæmt reglugerðinni:

- *Vöruheiti*
- *Upplýsingum um innihaldsefni* sbr. VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum *Umfang eftirlits*.

Vörurnar falla ekki undir hættuflokka samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 samkvæmt erlendum birgi og krefjast því ekki hættumerkinga samkvæmt þeirri reglugerð.

Reykjavík 24. febrúar 2020



Einar Oddsson